

**Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum
Próf í endurskoðun og reikningsskilum – fyrri hluti
8. október 2021
kl. 9:00 – 16:00**

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 45 mín.

Endurskoðandi er að ljúka endurskoðun sinni á fyrirtækinu KomPer hf. og er að fylla út gátlista í endurskoðunarkerfinu sem tengist lokaáðgerðum í endurskoðuninni. Endurskoðandinn er nýkominn til GoAudit frá öðru endurskoðunarfyrirtæki og er ekki kunnugur endurskoðunarkerfinu sem GoAudit notar. Hann vill vanda sig sérstaklega á allri skjölun og leitar því til þín en þú hefur starfað hjá GoAudit í 12 ár.

Endurskoðandinn sýnir þér spurninguna sem hann er að vandræðast með en hún er svona:

Hvaða tegund samanburðarupplýsinga er í hinum endurskoðaða ársreikningi?

- *Samanburðarfjárhæðir (e. corresponding figures).*
- *Samanburðarársreikningur (e. comparative financial statements).*
- *Engar samanburðarupplýsingar eru veittar.*

Úrlausnarefni:

- A. Hvaða tegund samanburðarupplýsinga er almennt að finna í íslenskum ársreikningum sem gerðir eru samkvæmt ársreikningalögum?**
- B. Hver er munurinn á ofangreindum tegundum samanburðarupplýsinga?**
- C. Hver er munurinn á ofangreindum tegundum samanburðarupplýsinga að teknu tilliti til endurskoðunaraðgerða?**
- D. Ef um er að ræða fyrsta árs endurskoðun, hafa ofangreindar aðferðir vegna samanburðar við fyrra tímabil áhrif á endurskoðunaráritun?**
- E. Ef um er að ræða fyrsta árs endurskoðun og síðasti ársreikningurinn var ekki endurskoðaður, hafa ofangreindar aðferðir vegna samanburðar við fyrra tímabil áhrif á endurskoðunaráritun?**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 45 mín.

Hér að neðan er velt upp fáeinum atriðum í reikningskilum fyrirtækja. Óskað er eftir stuttri en skýrri umfjöllun.

Úrlausnarefni:

- A. Fjallið um skyldu fyrirtækja til þess að semja samstæðureikninga skv. lögum um ársreikninga annars vegar og alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) hins vegar.
- B. Fjallið um hvernig flokkun fjármálagerninga er háttað í reikningskilum, annars vegar samkvæmt lögum um ársreikninga og hins vegar samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum.
- C. Fjallið um þær reglur sem gilda um gjaldmiðil ársreikninga, annars vegar samkvæmt lögum um ársreikninga og hins vegar samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 3 – 80 mín.

GoAudit hefur tekið að sér endurskoðun á alþjóðlega fyrirtækinu LeRaM hf. (LRM). LRM er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og þjónustu fyrir vinnslu á kjúklingi, kjöti og fiski. LRM er með höfuðstöðvar á Íslandi en hjá samstæðunni allri starfa um 6.800 starfsmenn í 8 löndum, þar af um 720 á Íslandi. Félagið hefur verið skráð í kauphöll frá árinu 1992.

LRM rekur tvö félög á Íslandi, eitt dótturfélag og svo móðurfélagið. Þá á félagið sjö dótturfélög (rekstrar- og eignarhaldsfélög) utan Íslands auk þess að eiga hlut í tveimur félögum um sameiginlegt verkefni (e. joint venture, JV) og tvö útibú. Í fylgiskjali 1 má sjá yfirlit yfir félögin ásamt lykilfjárhæðum.

Samstæða LeRaM hf.
Móðurfélag – Ísland
Dótturfélag 1 – Ísland
Dótturfélag 2 – Tékkland
Dótturfélag 3 – Ungverjaland
Dótturfélag 4 – Pólland
Dótturfélag 5 – Þýskaland (eignarhaldsfélag)
Dótturfélag 6 – Indland
Dótturfélag 7 – Eistland
Dótturfélag 8 – Holland (eignarhaldsfélag)
JV – Finnland
JV – Frakkland
Útibú – Danmörk
Útibú - Noregur

Dótturfélögin í Póllandi, Þýskalandi og Tékklandi eru endurskoðuð af GoAudit keðjunni en að öðru leyti verður samstæðuendurskoðandinn á Íslandi, GoAudit, að reiða sig á vinnu ýmissa endurskoðunarfyirtækja um heim allan.

Samstæðuendurskoðandinn þekkir vel rekstur fyrirtækja eins og LRM en hefur ekki áður borið ábyrgð á samstæðuendurskoðun út fyrir landsteinana. Undanfarnar vikur hefur endurskoðandinn reynt að afla sér upplýsinga um þá endurskoðendur sem eru að vinna fyrir erlendu félögin, en það hefur ekki gengið vel. Einn endurskoðendanna, endurskoðandinn frá Eistlandi, virtist hafa lent í einhverjum dómsmálum og var ásakaður um vanrækslu í starfi. Málið er í gangi og hefur endurskoðandinn ekki misst réttindi sín eða verið sakfelldur.

Úrlausnarefni:

- A. Þarf GoAudit á Íslandi að fara með móðurfélagið, íslenska dótturfélagið, öll erlendu félögin, JV og útibúin í gegnum samþykktarferli (e. acceptance and continuance) ef öll félögin og útibúin hafa þegar farið í gegnum slíkt samþykktarferli hjá endurskoðendum sínum? Rökstyddu svarið. (10 mín.).**
- B. Nefnið helstu efnisatriði sem þurfa að koma fram í endurskoðunarfyrimælum (e. audit instructions) til endurskoðenda innan samstæðunnar? Þarf GoAudit að senda út endurskoðunarfyrimæli vegna allra erlendu félaganna, JV og útibúanna? (15 mín.).**

C. Ákvarðið mikilvægismörk (e. materiality), skipulagningarmörk (e. performance materiality) og smáræðismörk (e. clearly trivial) fyrir samstæðuna. (15 mín.).

D. Þarf GoAudit á Íslandi að koma að því að skilgreina mikilvægismörk vegna félaganna ef allir endurskoðendur erlendu dótturfélaganna hafa þegar ákvarðað mikilvægismörk fyrir félögin vegna endurskoðunar á ársreikningum þeirra (e. statutory audit)? Rökstyddu og sýndu útreikninga á mikilvægismörkum félaganna ef við á. (40 mín.).

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 4 – 65 mín.

Bylgja ehf. ákvað síðasta vor að fara í hlutafjárúkningu, og gaf út 1,5 milljón hluta, hvern að nafnverði 1 króna. Verð hvers hlutar var ákveðið 30 krónur. Inn í félagið komu þrír nýir hluthafar og skráði hver þeirra sig fyrir 500 þús. hlutum.

Kaupandi A keypti sína hluti á 15 milljónir króna og greiddi strax með peningum.

Kaupandi B keypti sína hluti einnig á 15 milljónir króna en greiðslan fólst í notaðri vélasamstæðu sem er nauðsynleg fyrir rekstur Bylgju ehf.

Vegna þessara kaupa kom upp nokkur umræða um virði vélasamstæðunnar. Kostnaðarverð nýrrar vélasamstæðu er 18 milljónir króna, en vegna áhrifa COVID-19 er slík vélasamstæða ekki til sölu í bili. Sambærilega notaða vélasamstæðu er hægt að kaupa frá Noregi á 10 milljónir króna, en hún fengist ekki afhent fyrr en eftir 12 mánuði.

Kaupandi A fannst reyndar frekar ósanngjarnt að notuð vélasamstæða sé verðmetin svo hátt og gerði athugasemdir við það. Hann taldi að virði vélasamstæðunnar væri að hámarki 10 milljónir króna, sbr. mögulegt kaupverð hennar frá Noregi. En kaupandi B taldi þetta verð, 15 milljónir króna, mjög sanngjarnt.

Til að skera úr um það fékk Bylgja ehf. óháðan matsmann til að meta vélasamstæðuna. Mat hans var að virði hennar væri á bilinu 10 til 20 milljónir króna. Við virðismat sitt upp á 20 milljónir króna miðaði hann við áætlað afvaxtað greiðsluflæði af nýtingu vélasamstæðunnar.

Eftir samningaviðræður milli hluthafa var samþykkt að kaupandi B fengi bréf að nafnverði 500 þús. fyrir vélasamstæðuna. Hvernig endanlegt verð vélasamstæðunnar og kaupverð B á hlutum í félaginu yrði skráð í reikningsskil félagsins var látið í hendur stjórnenda þess.

Kaupandi C skrifaði sig fyrir hlutum að kaupverði 15 milljónir króna með fyrirvara um að geta selt hlutafé sitt í öðru félagi á a.m.k. 15 milljónir króna. Það skilyrði er ekki uppfyllt í bili en kaupandi C mun fá góðan tíma til að ganga frá sínum málum þar sem eigendum og stjórnendum Bylgju ehf. er mikið í mun að fá hann í hluthafahópinn.

Kostnaður við hlutafjárúkninguna nam 2 milljónum króna; 1 milljón vegna lögfræðikostnaðar við útgáfuna og 1 milljón við mat á vélasamstæðunni.

Vegna kaupanna gerði Bylgja ehf. eftirfarandi færslur í bókhaldi sínu:

	Debit	Kredit
Sjóður - hlutafé greitt af A	15.000.000	
Hlutafé – frá hluthafa A		15.000.000
Fastafjármunir – vélasamstæða	10.000.000	
Hlutafé – frá hluthafa B		15.000.000
Annar framleiðslukostnaður	5.000.000	
Hlutafé - hlutafjárloforð frá C		15.000.000
Viðskiptakrafa, hlutafjárloforð	15.000.000	
Sjóður		2.000.000
Rekstrarreikningur - stjórnunarkostnaður	2.000.000	
Samtals	47.000.000	47.000.000

Úrlausnarefni (40 mín.):

Farið yfir þessar færslur í bókhaldi Bylgju ehf. og veitið álit á þeim. Álitið á að taka mið af ársreikningalögum og settum reikningsskilareglum. Komið með tillögur að nýjum færslum ef þið teljið það viðeigandi.

Einn hluthafi Bylgju ehf. hefur verið hluthafi frá stofnun félagsins og unnið ötullega að framgangi þess. Nú hefur hann ákveðið að losa sig frá þessu verkefni og halda á vit annarra ævintýra. Bylgja ehf. samþykkti að kaupa hlutabréf hans, 100 þúsund hluti á 35 krónur hvern hlut. Bylgja ehf. hefur ákveðið að eiga bréfin í einhvern tíma og selja þau síðan fyrir rétt verð.

Kaupin á hlutabréfunum voru færð með eftirfarandi hætti í bókhald Bylgju ehf.:

	Debit	Kredit
Sjóður		3.500.000
Langtímaeign, eigin hlutabréf	3.500.000	

Úrlausnarefni (12,5 mín.):

Farið yfir þessa færslu í bókhaldi félagsins og veitið álit á henni. Álitið á taka mið af ársreikningalögum og settum reikningsskilareglum. Komið með tillögur að nýrri færslu ef þið teljið það viðeigandi.

Á árinu 2021 fékk Bylgja ehf. tekjufallsstyrk úr ríkissjóði. Tekjufallsstyrkurinn kom til þar sem tekjur félagsins lækkuðu verulega á árinu 2020 vegna áhrifa COVID-19.

Styrkurinn kom að góðum notum, og var ásamt hlutafjárukningu notaður til að leysa lausafjárskuld Bylgju ehf. og renna styrkari stoðum undir rekstur félagsins. Styrkurinn var ákvarðaður og greiddur út eftir að uppgjöri ársins 2020 var lokið, en þar sem hann var vegna lækkunar tekna á árinu 2020 var talið rétt að færa hann beint á óráðstafað eigið fé til að skeykja ekki rekstur ársins 2021.

Færsla vegna þessa í bókhaldi Bylgju ehf. var eftirfarandi:

	Debit	Kredit
Sjóður	50.000.000	
Óráðstafað eigið fé		50.000.000

Úrlausnarefni (12,5 mín.):

Farið yfir þessa færslu í bókhaldi félagsins og veitið álit á henni. Álitið á að taka mið af ársreikningalögunum og settum reikningsskilareglum. Komið með tillögur að nýrri færslu ef þið teljið það viðeigandi.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 5 – 105 mín.

Endurskoðunarfyrirtækið GoAudit hefur endurskoðað Hótel Heim hf. undanfarin tíu ár. Hóтелиð hefur lengi verið eitt af vinsælustu hótélum landsins en hefur gengið í gegnum mikla rekstrarerfiðleika undanfarin ár. Fasteignir hótelsins voru seldar til tengdra aðila, sem liður í fjárhagslegri endurskipulagningu, á árinu 2018. Félagið endurleigði fasteignirnar og gerði leigusamning til 15 ára. Mikil veltuaukning átti sér stað á árunum 2018 og 2019 og voru helstu viðskiptavinir hótelsins erlendir ferðamenn. Reksturinn var áfram mjög erfiður en stjórnendur félagsins töldu að ef næstu tvö til þrjú ár yrðu áfram góð, þá væri reksturinn kominn yfir erfiðasta hjallann. Árið 2020 byrjaði vel en svo skall COVID-19 faraldurinn á og mikið var um afbókanir og starfsemin mikið skert á vor- og haustmánuðum.

Endurskoðun vegna ársins 2020 er nú að hefjast. Þér hefur verið falið að byrja undirbúa og skipuleggja endurskoðunina. Endurskoðunarteymið hefur tekið saman minnispunkta í fylgiskjali 2 með helstu upplýsingum um fyrirtækið og í fylgiskjali 3 eru drög að ársreikningi, sem fjármálastjóri hótelsins hefur lagt fram.

Úrlausnarefni:

- A. **Ákvarða mikilvægismörk (e. materiality) og skipulagningar-
mikilvægismörk (e. performance materiality). (15. mín).**
- B. **Framkvæma áhættumat sem tengist endurskoðun á Hótel Heimi hf. fyrir
rekstrarárið 2020. Greindu frá því hvort þeir teljist vera lykiláhættuþættir
(e. significant risk) eða verulegir áhættuþættir (e. risk of material
misstatement). (50 mín.).**
- C. **Gera drög að endurskoðunarfyrirmælum vegna lykiláhættuþátta með
tilvísun í staðhæfingar stjórnenda. (40 mín.)**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem við á.

Svarið í í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 6 – 35 mín.

Miðlari ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að kaupa ýmsar vörur hér og þar um heiminn og finna markaði þar sem það getur selt vörunar með hagnaði. Í reikningsskilum Miðlara ehf., sem eru skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS), eru vörunar færðar á gangvirði að frádregnum sölukostnaði þar sem slíkt gefur betri mynd af starfsemi félagsins. Matsreglur staðalsins IAS 2 gilda því ekki, sbr. IAS 2, grein 3b.

Fiskver ehf. á frystitogara sem veiða á úthafsmiðum. Í stað þess að sigla með afurðirnar í land og flytja þaðan á markað, þá hefur fyrirtækið einstöku sinnum séð sér hag í að selja þær til Miðlara ehf. sem umskipar afurðunum úti á rúmsjó í frystiskip sem fer með þær á markað. Þetta eru afurðir með allt að eins árs geymsluþol. Þær er því hægt að geyma í frystiskipi eða skipa þeim á land og geyma í frystigeymslum til betri tíma.

Í byrjun júní komust fyrirtækin Fiskver ehf. og Miðlari ehf. að samkomulagi um kaup á öllum afurðum Fiskvers í júní. Afhendingin átti sér stað þann 30/6/2021 og verðið var 350 milljónir króna. Annar beinn kostnaður Miðlara ehf. við kaupin nam samtals 50 milljónum króna.

Þegar kaupin hafa átt sér stað eru afurðirnar út á rúmsjó og við tekur skoðun hjá Miðlara ehf. á því hvert eigi að fara með þær til að fá besta verðið og hámarka hagnað. Besta verðið liggur oft fyrir þegar slík viðskipti eiga sér stað, en aðstæður á mörkuðum geta verið breytilegar. Starfsmenn Miðlara ehf. hafa góða þekkingu á vörunum og mörkuðum fyrir þær. Upplýsingar liggja fyrir til að geta ákvarðað gangvirði þessara vara, en Miðlari ehf. var ekki búinn að taka ákvörðun um söluna þegar milliuppgjör 30/6/2021 er gert.

Nokkrir markaðir fyrir afurðirnar eru fyrir hendi, með mismunandi verðum, siglingatíma og virkni.

1. Siglt með afurðirnar til Lands 1. Sú sigling tekur þrjár vikur með uppskipun og flutningi á markað.

Verðin í Landi 1 eru oft ágæt og Miðlari ehf. hefur stundum notfært sé þennan möguleika, sérstaklega þegar fyrirtækinu liggur á að koma vörum sínum í verð. Félagið er í ágætum samskiptum við tvo viðskiptavini í Landi 1 og hefur fengið hjá öðrum þeirra tilboð í afurðirnar upp á 500 milljónir króna.

2. Siglt með aflann í Land 2 og hann settur á markað þar. Sú sigling tekur þrjár vikur með uppskipun og flutningi á markað.

Þetta er markaður sem hefur stundum komið ágætlega út, ekki margir kaupendur en verð á afurðunum gæti orðið 520 milljónir króna ef verðin sem voru í boði 30/6/2021 halda. Hins vegar er óvíst með það því sigling þangað tekur þrjár vikur, en því er spáð að verðið verði jafnvel orðið enn hærra þegar afurðirnar kæmu á þennan markað.

3. Siglt er með vörunar til Lands 3 og þær settar á uppboðsmarkað þar. Sá markaður er mjög virkur, margir kaupendur og stundum fást mjög góð verð.

Sigling þangað tekur fjórar vikur og á þeim tíma geta orðið þó nokkrar breytingar á eftirspurn sem skila sér beint í verð. Þar sem um frystar afurðir er að ræða skiptir það ekki öllu máli og Miðlari ehf. getur beðið einhvern tíma eftir aðeins hagstæðara verði. Miðað við verðin sem fást þann 30/6/2021 er virði aflans 520 milljónir króna, og því er spáð að verðin verði enn betri eftir fjórar vikur.

4. Siglt er með aflann í Land 4 og hann settur á markað þar. Þar hafa verð verið afar góð undanfarið og fengist 600 milljónir króna fyrir aflann þar, enda hefur verið skortur á fiski í Landi 4 vegna viðskiptatakmarkana við það land. Ekki er víst að heimild fái til að selja aflann þangað. Ef Miðlari ehf. gerir það samt án heimildar, þá gæti fyrirtækið hugsanlega fengið sekt sem nemur 25% af söluverðmæti aflans. Sigling þangað tekur þrjár vikur.

Eftirfarandi upplýsingar eru gefnar:

<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	Söluverð	Sölu- kostnaður	Flutningstími í vikum	Flutnings- kostnaður
Land 1 – áætlað söluverð 30/6/21	500	25	3	90
Land 2 – áætlað söluverð 30/6/21	520	26	3	90
Land 3 – áætlað söluverð 30/6/21	520	26	4	120
Land 4 – áætlað söluverð 30/6/21	600	30	3	90

Sölu- og flutningskostnaður, sem hlutfall af söluverði 5%.

Flutningskostnaður - ein vika í frystiskipi 30 milljónir.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að setja upp færslur í reikningsskilum Miðlara ehf. vegna kaupanna á frystum afurðum frá Fiskveri ehf. þann 30/6/2021 auk annarra nauðsynlegra færslna í milliuppgjöri 30/6/2021.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 7 – 45 mín.

Þú ert endurskoðandi Cvid hf. sem er stórt alþjóðlegt framleiðslufyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi. Hlutabréf félagsins eru skráð í kauphöll. Félagið á 97 dótturfélög, þrjú á Íslandi og 94 erlend félög.

Innan samstæðunnar eru töluverð viðskipti með vörur og þjónustu. Reglum um milliverðlagningu (e. Transfer Pricing) hefur ekki verið gefinn mikill gaumur hjá móðurfélaginu og samstæðunni. Forstjóri félagsins vill koma þessum málum í lag og leitar til þín og endurskoðunarkeðjunnar GoAudit um aðstoð við að skjalfesta ferla og útbúa skjöl í tengslum við milliverðlagningu. Í samtali við forstjóran kemur fram að hjá þeim hafi starfað lögfræðingur með sérþekkingu á skattamálum og honum verið falin margvísleg skattamál. Meðal annars að skjalfesta milliverðlagningu samstæðunnar en hann hafi ekki lokið þeirri vinnu frekar en öðrum skattamálum sem voru á hans borði. Forstjórinn sagði að þeir væru því í vöndum málum með margt og þyrftu aðstoð við að koma skattamálum í lag.

Þú hefur rætt þessi mál við starfsmenn skattasviðs GoAudit og þeir telja sig geta aðstoðað í þessum verkefnum. Eigandi á skattasviði GoAudit taldi mikilvægt að fá aðstoð frá skattasérfræðingum GoAudit erlendis, á starfssvæðum Cvid hf., þó þeim verkefnum yrði stýrt frá Íslandi.

Gæðastjóri GoAudit hafði frétt af þessari beiðni forstjóra Cvid hf. og bað þig um að skoða sérstaklega vel allar reglur varðandi svona aukaverkefni, ekki síst allt sem snerti óhæði þitt sem endurskoðanda. Gæðastjórinn fer því fram á sérstaka umfjöllun í endurskoðunargögnum þínum um þessi verkefni og mat þitt á því hvort þú getir tekið þau að þér og þá hugsanlega með hvers konar varúðarráðstöfunum.

Verkefnin sem forstjórinn er að fara fram á að GoAudit vinni eru:

- Aðstoð við að koma skjölunarskyldu Cvid hf. í lag vegna viðskipta og milliverðlagningar innan samstæðunnar.
- Aðstoð við að sækja um skattfrádrátt vegna nýsköpunar fyrir íslensku félögin hjá skattyfirvöldum.
- Aðstoð við að ljúka við skattframtöl íslenska móðurfélagsins og íslensku dótturfélaganna.
- Aðstoð við að yfirfara skattareglur innan samstæðunnar, í samstarfi við GoAudit á starfssvæðum erlendu dótturfélaganna, og athuga með hvaða hætti mætti lágmarka skattgreiðslur samstæðunnar.

Úrlausnarefni:

Útbúðu vinnublað þar sem þú rökstyður ákvörðun um hvort GoAudit geti tekið þessi verkefni að sér eða ekki.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali